**Starfshópur um hagnýtingu inernetsins o.fl.**

**Eyðublað fyrir tillögur**

| | |
|---|---|
| Lýsing á verkefni og helstu verkþættir (hvað á að gera?) | 1. Afla nákvæmra upplýsinga um löggjöf Vermont ríkis um rafræna staðfestu.<br>2. Kanna hvort aðrar fyrirmyndir sé að finna um félagaform af því tagi.<br>3. Bera lagaákvæði í fyrirmyndunum saman við íslenskt réttarástand, eftir því sem tök eru á, takandi tillit til þess að félagalöggjöf í erlendum ríkjum kann að stofni til að vera verulega frábrugðin íslenskum lögum um það efni.<br>4. Greina hvaða hagræði – ef nokkuð – er af hinni erlendu löggjöf umfram það sem er að finna í íslenskum félagalögum.<br>5. Ef hagræði greinist af hinni erlendu löggjöf: Semja drög að frumvarpi um lagabreytingar til að ná því fram. |
| Rök fyrir verkefni (af hverju á að ráðast í verkefni?) | 1. Gefa þeim, sem vilja, tækifæri til að stofna fyrirtæki án þess að þurfa að halda úti starfsemi í kjötheimum.<br>2. Draga úr kostnaði við fyrirtækjarekstur sem einungis fer fram á Netinu.<br>3. Bjóða erlendum aðilum, sem vilja starfa samkvæmt íslenskum lögum, upp á þann möguleika að stofna félag hér á landi um reksturinn án þess að starfsemin þurfi að fara fram hér á landi. |
| Hvað þarf til? (fjármagn, skuldbinding ráðuneyta, stofnana o.s. frv) | **Tími:** Greiningarhluti verkefnisins gæti tekið um 1 mánuð að vinna. Þá gæti frumvarpssmíð, ef til hennar kæmi tekið <1 mánuð til viðbótar.<br><br>**Fjármagn:** Laun starfsmanns við að greina verkefnið og semja frumvarp, ca. 1m kr. Breytingar á verklagi, þjálfun starfsmanna, eyðublöðum o.þ.h. hjá fyrirtækjaskrá RSK, ca. 1m kr.<br><br>**Skuldbinding rn.:** Stuðningur atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra og fjármálaráðherra er nauðsynlegur. |
| Ábyrgð á framkvæmd | Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra |
| Vænt niðurstaða/afurð | Lagafrumvarp ásamt grienargerð |
| Flokkur | |
| Höfundur | Stýrihópur mmrn. um tjáningarfrelsi (Hörður Helgi Helgason) |
| Annað | |